Sjálfsbjörg
landssamband
hreyfihamlaðra

# ÁRSSKÝRSLA 2021

## Sjálfsbjörg landsamband hreyfihamlaðra

Lögð fram á landsfundi samtakanna
30. apríl 2022

Betra aðgengi – öllum í hag!

**Útgefandi:**

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra

Hátúni 12, 105 Reykjavík

Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

**Ábyrgðarmaður:**
Ósk Sigurðardóttir

**Uppsetning, umbrot, prentun:**
Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel

**Forsíða**
Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra
Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

# EFNISYFIRLIT


Ávarp formanns .......... 4

1. Stjórnir og starfsfólk .......... 5
   1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh .......... 5
   1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh .......... 5
   1.3 Starfsfólk 2020 .......... 6

2. Nefndir og starfshópar .......... 8
   2.1 Kjörnefnd .......... 8
   2.2 Laganefnd .......... 8
   2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar .......... 8
   2.4 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar .......... 8
   2.5 Medic Alert .......... 8

3. Rekstrarmál – starfsemi .......... 9
   3.1 Sjálfsbjargarheimilið .......... 9
   3.2 Sjálfsbjargarhúsið .......... 10
      3.2.1 Sagan .......... 10
      3.2.2 Húsnæðismál 2021 .......... 10
   3.3 Fjölskylduhús Sjálfsbjargar .......... 11
   3.4 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar .......... 12
   3.5 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar .......... 12

4. Fjármál .......... 13
   4.1 Fjárhagsstaðan .......... 13
   4.2 Starfsmannamál .......... 13
   4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir .......... 13
      4.3.1 Húsaleiga .......... 13
      4.3.2 Happdrætti .......... 14
      4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar .......... 14
      4.3.4 Styrkur ÖBÍ .......... 14
      4.3.5 Nýjar fjáröflunarleiðir .......... 14
      4.3.6 Heillaskeyti Sjálfsbjargar .......... 14

5. Félagsmálin .......... 15
   5.1 Landsfundur 2021 .......... 15

6. Málefnastarfið .......... 18
   6.1 Aðgengismál .......... 18

7. Upplýsingamál .......... 20
   7.1 Klifur .......... 20
   7.2 Ársskýrsla .......... 20
   7.3 Vefsíður og samfélagsmiðlar .......... 20
   7.4 Fjölmiðlasamskipti .......... 20
   7.5 Heillaskeyti Sjálfsbjargar .......... 20

8. Tengingar út í samfélagið .......... 22

9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar lsh. 2021 .......... 23

10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar lsh. og stjórnarfólk 31.12. 2021 .......... 26

11. Ársreikningur Sjálfsbjargar lsh. fyrir 2020 .......... 29

# ÁVARP FORMANNS



Árið 2021 var sérstakt fyrir margra hluta sakir, en á þessu ári gafst líka tími til að vinna að ýmsum góðum verkefnum þó önnur hafi verið þyngri. Málaferlum Brynju hússjóðs hefði lokið á árinu ef ekki hefði verið fyrir að fv. stjórnarformaður Brynju sætti sig ekki við augljósa niðurstöðu og hafi áfrýjað málinu til Landsréttar. Af skemmtilegri verkefnum var það helst að frétta að kominn tími á ýmsar lagfæringar og endurbætur innanhúss í Hátúni 12 og íbúðir leigjenda fengu margar hverjar yfirhalningu. Félagið fékk einnig styrk upp á 1,5 milljónir frá félagsmálaráðuneytinu vegna útgáfu Klifurs. Farið var af stað í nokkur samvinnuverkefni og má þar nefna aðkomu okkar í Römpum upp Reykjavík verkefninu sem gekk vonum framar, en byggðir voru 101 rampur í miðbæ Reykjavíkur. Annað samvinnuverkefni sem fór af stað er landsverkefni með Ferðamálastofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun auk Öryrkjabandalagi Íslands, þar sem unnið er að fræðsluefni og mati á aðgengi að gististöðum og veitingastöðum til að byrja með. Námskeið í aðgengismálum fyrir félagsmenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar landssambands og aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna hafa einnig farið fram og var þeim vel tekið. En námskeiðin verða áfram fastur liður í starfseminni sem miðar að því að gera Sjálfsbjörg að sérfræðingi í aðgengismálum sem allir landsmenn geta leitað til.

Ég lýk nú mínu hlutverki sem stjórnarformaður Sjálfsbjargar landssambands eftir viðburðarík sex ár og þakka samvinnuna og samfylgdina í gegnum árin og óska nýrri stjórn og aðildarfélögum Sjálfsbjargar velfarnaðar.

Bestu baráttukveðjur,



Bergur Þorri Benjamínsson
formaður Sjálfsbjargar lsh. 2016-2022

# STJÓRNIR OG STARFSFÓLK

## 1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh.

Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórninni að landsfundi loknum.

| | |
|---|---|
| Bergur Þorri Benjamínsson, Sbj. á höfuðbsv/Akureyri | formaður |
| Margrét Lilja Arnheiðardóttir, Sbj. á höfuðbsv | varaformaður |
| Ásta Þ. S. Guðjónsdóttir, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu | gjaldkeri |
| Margrét S. Jónsdóttir, Sbj. á Suðurnesjum | ritari |
| Ólafía Ósk Aðalsteinsdóttir, Sbj. Bolungarvík | meðstjórnandi |
| Guðni Sigmundsson, Sbj. Mið-Austurlandi | meðstjórnandi |
| Björk Sigurðardóttir, Sbj á höfuðborgarsvæðinu | meðstjórnandi |
| Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir, Sbj. á höfuðborgarsvæðinu | varamaður |

## 1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh.

| | |
|---|---|
| Grétar Pétur Geirsson | Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu |
| Kristján Karl Júlíusson | Sjálfsbjörg í Bolungarvík |
| Hafdís Eyland Gísladóttir | Sjálfsbjörg á Siglufirði |
| Hafdís B. Hilmarsdóttir | Sjálfsbjörg á Suðurnesjum |
| Herdís Ingvadóttir | Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni |
| Hafsteinn Vilhjálmsson | Sjálfsbjörg á Ísafirði |
| Magnús G. Jóhannesson | Sjálfsbjörg Skagafirði |
| Marie T. Robin | Sjálfsbjörg á Vopnafirði |
| Svanur Ingvarsson | Sjálfsbjörg á Suðurlandi |

Formannafundur var haldinn rafrænn árið 2021 vegna heimsfaraldurs.

## 1.3 Starfsfólk 2021



**Bergur Þorri Benjamínsson** er starfandi formaður samtakanna frá landsfundi 2016. Bergur er málsvari Sjálfsbjargar út á við og annast samskipti við formenn aðildarfélaga, fjölmiðla, opinbera aðila og tengd samtök hér á landi og erlendis. Hann vinnur að málefna- og baráttumálum Sjálfsbjargar.



**Ósk Sigurðardóttir** tók við starfi framkvæmdastjóra Sjálfsbjargar lsh. þann 1. nóvember 2020. Ósk er framkvæmdastjóri samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri samtakanna og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi. Hún vinnur einnig að ýmsum baráttu málefnum Landssamtakanna, ásamt stefnumótun og þróun framtíðarmarkmiða í samstarfi við formann og stjórn.



**Berglind J. Ritchardsdóttir** hefur frá 1.janúar 2020 gegnt starfi bókara og fjármálafulltrúa. Hennar helstu verkefni hafa verið færsla bókhalds, uppgjörsvinnsla, launamál, umsjón húsaleigu auk ýmissa annarra tilfallandi verkefna.



**Davíð Þ. Olgeirsson** hóf störf hjá Sjálfsbjörgu árið 2016 og sér um Þekkingarmiðstöð og Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar. Einnig hefur hann umsjón með Vefverslun Sjálfsbjargar og ýmsum vef- og markaðsmálum.



**Óskar Jósef Óskarsson** tók við starfi fasteignaumsjónarmanns Sjálfsbjargarhússins í desember 2017. Hann vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni.



**Ragnar Smári Ingvarsson** var ráðinn í desember 2020 og vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni, ásamt því að sinna ýmsum málum fyrir Hjálpartækjaleiguna.



**Þórður Sigríksson** var ráðinn í ágúst 2021 og vinnur að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni, ásamt því að sinna ýmsum málum fyrir Hjálpartækjaleiguna.




**Ólafur Tómasson** hefur frá 2014 starfað að húsnæðis- og lóðatengdum verkefnum í tímavinnu. Hans verkefni hafa m.a. verið vöktun húsnæðisins og margvísleg önnur minni verkefni tengd húsnæðinu.

# NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Á árinu voru starfandi eftirfarandi nefndir og starfshópar á vegum Sjálfsbjargar.

## 2.1 Kjörnefnd

Á Landsfundinum 2021 var kjörinn hluti kjörnefndar, en hlutverk hennar samkvæmt lögum er að tryggja að það verði minnsta kosti einn frambjóðandi í öll embætti sem kosið skal í á Landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2021: Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir, María Óskarsdóttir, Þorbera Fjölnisdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Margrét S. Jónsdóttir. Nefndin er kölluð saman 10 vikum fyrir Landsfund.

## 2.2 Laganefnd

Á Landsfundi 2021 var kjörinn hluti laganefndar, en hlutverk hennar er að fara yfir þær lagabreytingartillögur sem fram koma í aðdraganda Landsfundar, ef ástæða þykir til, og koma með samræmingar tillögur til stjórnar ef margar tillögur koma fram um sama atriðið. Stjórn kallar nefndina saman ef ástæða er til.

Laganefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2021: Guðni Sigmundsson, Frímann Sigurnýasson, Ólafía Ósk Runólfsdóttir, María Óskarsdóttir og Margrét Lilja Arnheiðardóttir.

## 2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr sjóðnum. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum einu sinni á ári.

Í lok Landsfundar 2021 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: Guðni Sigmundsson formaður, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir og María Óskarsdóttir.

## 2.4 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

Í lok Landsfundar 2021 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: Sævar Guðjónsson, Sóley Björk Axelsdóttir og Hafdís B. Hilmarsdóttir.

## 2.5 Medic Alert

Sjálfsbjörg er aðildarfélag að Medic Alert. En MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. MedicAlert er alþjóðlegt öryggiskerfi fyrir sjúklinga með bráða eða hættulega sjúkdóma og ofnæmi. Í lok Landsfundar 2021 var Ásta Dís Skjalddal Guðjónsdóttir kosin fulltrúi Sjálfsbjargar.

# REKSTRARMÁL - STARFSEMI

## 3.1 Sjálfsbjargarheimilið

SBH er skilgreint sem endurhæfingar- og hjúkrunarstofnun fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Í upphaflegri skipulagsskrá SBH segir: „**Sjálfsbjargarheimilið er fyrir hreyfihamlað fólk er þarfnast aðstoðar og stuðnings við athafnir daglegs lífs.**" Árið 1973 flutti fyrsti íbúinn inn á heimilið. Reksturinn hefur síðan þróast jafnt og þétt og endurhæfingarþátturinn í starfseminni farið vaxandi. Þjónustumiðstöðin (áður nefnd dagvist) byrjaði 1979, sundlaugin bættist við 1981, endurhæfingaríbúð 1993, sjálfstæð búseta með stuðningi hófst 2003 og Þekkingarmiðstöðin opnaði 2012. Á árinu 2020 var fyrsti íbúinn tekinn inn í tímabundna endurhæfingu með búsetu sem getur varað í allt að tvö ár. Á árinu 2021 voru sex einstaklingar í endurhæfingu með búsetu auk þeirra sem stunda endurhæfningu í dagþjónustu hjá Þjónustumiðstöðinni. Áfram verður aukið vægi endurhæfingar og komu fulltrúar Heilbrigðisráðuneytis í tvígang í heimsókn á árinu þar sem þeim var kynnt þessi áherslubreyting enda skilgreinir ráðuneytið Sjálfsbjargarheimilið sem endurhæfingarúrræði. Á árinu var starfseminni einnig kynnt fyrir Grensásdeild, Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og endurhæfingarteymi efri byggðar hjá Reykjavíkurborg. Allir sem eru í búsetu búa núna í litlum íbúðum þar sem þeim hafa aðgang að sér salerni og baðaðstöðu. Er þetta mikil



framför að hafa náð að loka hjúkrunardeild á 5. hæð sem var herbergjasambýli með sameiginlegri salernis- og baðaðstöðu. Að loka herbergjasambýli er verkefni sem var hafið árið 2014 og því lauk á árinu 2021. Starf Þjónustumiðstöðvar gengur vel og hefur starfsemi sundlaugar verið færð undir forstöðumann Þjónustumiðstöðvar. Með þessari breytingu verður sundlaugin notuð í meiri mæli til endurhæfingar. Starfsemi Þekkingarmiðstöðvar var færð til Sjálfsbjargar landssambands enda samræmist starfsemi Þekkingarmiðstöðvar betur hlutverki Sjálfsbjargar lsh.

Fjöldi stöðugildi á árinu 2021 var 54 en þó nokkrir starfsmann eru í hlutastörfum og um 65 manns starfa hjá heimilinu á hverjum tíma. Lítil starfsmannavelta var árinu og hefur veikindadögum starfsmanna fækkað um 15% milli ára. Á árinu var innleidd kjarasamningsbundin vinnutímastytting sem hefur mælst vel fyrir. COVID-19 hafði verulega áhrif að því leyti að starfsmenn blönduðust ekki milli eininga og hafa því lítið hist. Flestir starfsmenn eru bólusettir og þjónustuþegar.

SBH er á fjárlögum ríkisins og var rekstrarframlagið fyrir árið 2021 um 735 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2021 var um 27 milljónir. Er það svipað og síðustu tvö ár þar á undan en fyrir þann tíma var tap af rekstri SBH. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

SBH gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning og er skýrslan kynnt á Landsfundi Sjálfsbjargar lsh. og dreift til Landsfundarfulltrúa. Skýrsluna má finna á vefsíðu Sjálfsbjargarheimilisins www.sbh.is.

## 3.2 Sjálfsbjargarhúsið

### 3.2.1 Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samkvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Ávallt hefur verið sameiginlegur skilningur aðila hvað tilheyrir hverjum. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina sem er undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Lóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 fermetrar að grunnfleti á sex hæðum.

Í lok ársins 2020 var nýtingarhlutfall Sjálfsbjargarheimilisins um 40% að heildar húsnæði. Nýtingarhlutfall hefur frekar minnkað en hitt í gegnum árin þar sem hjúkrunardeildum annarrar og þriðju hæðar hefur verið lokað og íbúar búa í íbúðum en ekki á hjúkrunardeild. Sjálfsbjörg lsh. nýtir hinn hlutann og leigir megnið af því út til ýmissar starfsemi. Húsið er nú komið til ára sinna, þarfnast sífellt meira viðhalds með tilheyrandi kostnaði og skipulag þess hentar orðið illa þeirri starfsemi sem samtökin standa fyrir eða telja heppilega í náinni framtíð. Þannig hefur orðið ljóst að í náinni framtíð mun húsið þurfa viðamikið og verulega kostnaðarsamt viðhald sem verður ekki fjárhagslega gerlegt fyrir samtökin að takast á við.

Því hafa aðrar leiðir verið skoðaðar s.s. hvort hreinlega væri unnt að selja húsið svo byggja megi nýtt. Sá möguleiki var talinn frekar snúinn ef notkun þess ætti að breytast m.v. upphaflegan lóðarsamning og skipulag svæðisins. Lóðin er stór og nú er verið að byggja afar þétt í næsta nágrenni, svo farið var að skoða aðra möguleika til uppbyggingar á lóðinni.

### 3.2.2 Húsnæðismál 2021

Vegna lokunar á hjúkrunardeild á 5.hæð, fluttu íbúar sem eru í þjónustu hjá SBH á neðri hæðir hússins og aðrir leigjendur hjá landssambandinu upp á þær efri. Við nýttum tækifærið og settum upp nýja dyrasíma í allar íbúðir, íbúðir vou málaðar og skipt um dúka á gólfi, einnig var skipt um innréttingar í þó nokkrum íbúðum og salernisaðstaðan endurnýjuð þar sem þörf var á. Þvottahús á 2. hæð var einnig flutt upp á 5.hæð.

Nýtt fyrirtæki, Osteostrong, flutti inn í gamla NPA rýmið en þar var endurnýjaður gólfdúkur og málað.




Fyrirtækjagangur hefur verið málaður, húsgögn bólstruð og myndir og hillur settar á veggi. Hér má einnig sjá nýja hurð hægra megin sem var sett upp sem flóttaleið.



Hér má sjá dæmi um nýja eldhúsinnréttingu og nýjan fataskáp í einni íbúðinni ásamt mynd-dyrasímanum vinstra megin við hurðina

Brunatjón í íbúð á 4.hæðinni olli miklu skemmdum og er íbúðin búin að vera í allsherjar þrifum og endurnýjun. Þessu fylgir verulegur kostnaður en fæst þó að stórum hluta til baka frá tryggingum á næsta ári.

Vegna ábendinga frá brunavörnum þá varð að bæta úr flóttaleiðum á fyrirtækja gangi 1.hæðar, en vatnstjónið átti sér stað þegar sagað var fyrir nýrri hurð, sem olli þó nokkrum skemmdum á parketi og veggjum með tilheyrandi kostnaði.

Hjálpartækjaleigan var einnig tekin í gegn vegna grunsemda um myglu, skipt var um dúk, allt málað og ný innrétting sett upp.

Nú eru bæði fjórða og fimmta hæðin tómar, samtals um 1000 m2, en skoðað hefur verið að leigja rýmin út í langtímaleigu til stærri fyrirtækja, opna co-working space eða samvinnu rými til minni fyrirtækja og einstaklinga eða jafnvel breyta rýminu í íbúðir. En þeir möguleikar verða skoðaðir betur á næsta ári.

Utandyra hefur grindverk á svölum verið málað að hluta til, en stefnt er að fleiri framkvæmdum utandyra á næsta ári. Þó nokkrir gluggar eru ónýtir og aðrir liggja undir skemmdum. Einnig verða sett upp ný skilti innan og utandyra.

### 3.3 Fjölskylduhús Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg lsh. Keypti vorið 2015 fokhelt hús að Kistuholti 19 í Reykholti. Húsið er 162,5 m2 að flatarmáli á einni hæð ásamt stórum sambyggðum bílskúr Samanlagt í fm. 246,5. Sumarið 2017 var húsnæðið fullklárað og í kjölfarið var byrjað að leigja það út. Eftir nokkura ára rekstur á sumarhúsi samtakanna var orðið ljóst að kostnaður við rekstur hússins var orðinn íþyngjandi fyrir samtökin og nýting félagsmanna á húsinu væri það lítil að ekki væri forsvaranlegt að halda honum áfram. Reynt var að leigja húsið út til ferðamanna en það gekk ekki nógu vel og getur þar fyrir utan ekki verið markmið samtakanna að reka hús sem væri fyrst og fremst nýtt af ferðamönnum en ekki Sjálfsbjargar félögum.

Reynt var að hafa samband við ýmis önnur félagasamtök og verkalýðsfélög en enginn sýndi húsinu áhuga. Var því ákveðið að láta meta húsið og setja á sölu með það í huga að selja ef viðunandi tilboð fengist í húsið. Það gekk eftir og húsið var selt sumarið 2021. Við söluna var hægt að greiða niður tvö lán sem tekin voru fyrir húsinu, annað hjá Íslandsbanka og hitt hjá Hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar. Einnig var hægt að greiða inn á þriðja lánið sem tekið hafði verið fyrir kaupum á auknum hlut í Hátúni 12, Sauma-húsnæðinu svokallaða.

## 3.4 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg landssamband tók yfir Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar (ÞMS) á árinu ásamt starfsmanni hennar og hófst heilmikil vinna við að fara yfir allt efni heimasíðunnar og sameina hana heimasíðu Sjálfsbjargar.

Eitt megin hlutverk ÞMS er að annast fræðslu- og upplýsingamál til hreyfihamlaðra sem og tengdra aðila.



## 3.5 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar gengur vel og þrátt fyrir enn eitt Covid árið var nokkuð góð leiga. Hjálpartækjaleigan er alltaf að verða þekktari í huga fólks, hún hefur jákvæð áhrif á ímynd Sjálfsbjargar og mikilvægt er að geta leigt fjölbreytt úrval af hjálpartækjum til allra landsmanna og ferðamanna, en sá hópur fer stækkandi.

Hjálpartækjaleigan fékk góða yfirhalningu í lok árs, en skipt var m.a. um dúk, allt málað og sett upp lítil eldhúsinnrétting.




Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar hefur fengið yfirhalningu, nýr dúkur var settur á gólfið, allt málað og skipt um innréttingu.

### Allir hjóla

Allir hjóla fór í samvinnu við Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar í sumar og voru jafnvægishjól, hjólastólahjól, farþegahjól og fleiri hjól leigð út frá júní til ágúst. Þetta verkefni gekk vel og við þökkum kærlega fyrir samstarfið.

# FJÁRMÁL

## 4.1 Fjárhagsstaðan

Ársreikningur Sjálfsbjargar lsh. 2021 er hér aftast í skýrslunni. Þar sést á rekstrarreikningi að rekstrartekjur ársins eru 192.6 milljónir króna og rekstrargjöldin eru alls 209.1 milljónir (án fjármagnsgjalda). Tap var á rekstri ársins sem nemur 23 milljónum sem skýrist ma. af mun hærri launakostnaði sbr. árið áður þegar ekki var starfandi framkvæmdastjóri í fullu starfi. Einnig voru tvö stöðugildi færð yfir til lsh á árinu og ráðinn inn nýr starfsmaður í húsvörslu. Verulegur kostnaður var við lagfæringar á íbúðum vegna flutninga innanhúss, auk bruna - og vatnstjóns sem hækkuðu rekstrarkostnaðinn. Tekjur vegna Hjálpartækjaleigu standa í stað og eru um 4.5 milljónir. Styrkir á árinu frá ÖBÍ og félagsmálaráðuneytinu voru 7,7 milljónir króna. Fjáraflanir voru svipaðar og árið áður eða um 69 milljónir króna.

Þegar efnahagsreikningurinn er skoðaður kemur fram að eignir í lok árs 2021 eru alls 280 milljónir króna sem er lækkun frá 2020 vegna sölu á Kistuholti. Langtímaskuldir eru 89 milljónir króna sem er vegna láns sem var tekið, vegna kaupa á eignarhluta í Hátúni 12. Bankalán vegna Kistuholts hefur verið greitt upp sem og lán frá Hjálparliðasjóði vegna kaupa á Kistuholti. Heildarskuldir lækka því um 41 milljón króna. Fasteignir og lóðin er aðeins bókfært á 233,8 milljónir króna meðan fasteignamat fasteigna samtakanna er um 2.8 milljarðar króna.

## 4.2 Starfsmannamál

Starfsmönnum í húsvörslu fjölgaði um einn á árinu vegna mikilla framkvæmda innanhúss, en tvö stöðugildi frá SBH, umsjónarmaður fasteigna og starfsmaður Þekkingarmiðstöðvar og Hálpartækjaleigu fluttust einnig yfir til landssambandsins. Á árinu var innleidd kjarasamningsbundin vinnutímastytting sem hefur mælst vel fyrir.

## 4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir

Sjálfsbjörg lsh. heldur reglulega úti ýmsum fjáröflunum sem í áranna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. En fjárþörfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugu málefnastarfi og halda við mjög stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi yfir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar frekar.

### 4.3.1 Húsaleiga

Sjálfsbjörg lsh. stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 111,6 milljónir króna árið 2021. Um er að ræða tvenns konar útleigu. Fyrst ber að nefna útleigu íbúða til einstaklinga (hreyfihamlaðra). Bæði er um að ræða leigu til einstaklinga sem eru í íbúðarúrræði á vegum SBH sem kallast **Sjálfstæð búseta með stuðningi** og njóta þeir fullrar aðhlynningar þjónustu SBH. Þá er um fjórðungur íbúðanna, sem eru alls 36 talsins, í almennri útleigu til einstaklinga (hreyfihamlaðra)

sem ekki eru í þjónustu hjá SBH. Þá er víða í húsinu leigð út rými til fyrirtækja með margvíslega þjónustu og er Stjá sjúkraþjálfun stærsti leigutakinn sem leigir tæplega 500 $m^2$ rými á 1. hæðinni.

### 4.3.2 Happdrætti

Happdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar í áratugi. Um árabil hafa verið rekin tvö happdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er nefnt Jónsmessuhappdrætti og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er nefnt Áramótahappdrætti (var áður jólahappdrætti) og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma happdrættanna ræðst eðlilega af útflæði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Þá fer kostnaður sífellt vaxandi með hverju árinu og þá sérstaklega póstburðar kostnaðurinn. Eftir sem áður eru happdrætti veigamikill tekjupóstur sem ber að hlúa að á hverju ári.

### 4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar

Hópur fólks hefur styrkt Sjálfsbjörg lsh. reglulega með fjárframlagi og er hópurinn nefndur **Hollvinir Sjálfsbjargar** og eru þeir jafnframt styrktarfélagar samtakanna. Þetta hefur gefið nokkuð fastar tekjur árlega en þarf að vakta verkefnið ansi vel svo ekki fækki í hópnum eins og hafði gerst fram undir 2016. Það ár var farið í átak til að safna Hollvinum og var samið við fyrirtækið Miðlun um að hafa samband við hópinn og athuga hvort hver og einn væri reiðubúinn að hækka framlag sitt eitthvað. Jafnframt var almenn úthringing til að safna nýjum Hollvinum. Söfnunin gekk bærilega og hækkaði framlag Hollvina verulega það ár og hefur haldist nánast síðan. Hér er um góða framtíðarfjáröflun að ræða og næst öflugasti tekjupóstur samtakanna. Nýjasta skýrsla frá Miðlun sýnir að um 80% hollvina er 60 ára og eldri og þarf að fara að huga að því hvernig er hægt að ná til yngra fólks.

### 4.3.4 Styrkur ÖBÍ

Árlega veitir ÖBÍ fastan styrk til sinna aðildarfélaga og er þar tekið tillit til félagafjölda hvers og eins. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ hefur hefur verið góð. Árið 2019 voru heildarstyrkir ÖBÍ 5,4 milljónir króna, árið 2020 voru það 9 milljónir króna og 2021 voru heildarstyrkir 6,2 milljónir króna.

### 4.3.5 Nýjar fjáröflunarleiðir

Á síðasta ári sóttu stjórn og starfsmenn skrifstofu lsh námskeið í gegnum Miðlun og Fundraising Anthropology í Bretlandi til að skoða möguleikana á nýjum aðferðum og nálgunum í fjáröflun. Í framhaldinu var og er, verið að skoða hvaða leiðir henta best og tilboð hafa komið frá nokkrum auglýsingastofum . Mikilvægt er að skýra betur hlutverk Sjálfsbjargar, kynna Sjálfsbjörg út á við og fá fleiri styrktaraðila fyrir stærri verkefnum á landsvísu.

Við byrjuðum með Vefverslun Sjálfsbjargar á síðasta ári. Völdum nokkrar vörur og sumar slógu algjörlega í gegn og jólaverslunin gekk framar vonum. Stefnt er að því að efla vefverslunina enn frekar á næsta ári með fjölbreyttari vörum tengdum árstíðum.

### 4.3.6 Heillaskeyti Sjálfsbjargar

Sjálfsbjörg hefur í nokkur ár sent félagsmönnum sem eiga stórafmæli heillaóskaskeyti í tilefni dagsins. Þetta hefur mælst vel fyrir, en árlega hafa vel á annað hundruð manns fengið slík skeyti í pósti.

# FÉLAGSMÁLIN

## 5.1 Landsfundur 2021

Landsfundur Sjálfsbjargar lsh. var haldinn í Reykjavík 11. September 2021 á Icelandair Hotels. Fundinn sátu 30 fulltrúar frá 8 aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn og starfsfólki. Helstu dagskrárliðir fundarins voru:

**Ávarp formanns**
Hann ræddi um faraldurinn og áhrif hans á starfsemi félagsins. Sagði frá því frá því helsta á síðasta starfsári. M.a um uppbyggingaráform Sjálfsbjargar, Verkefnið „Römpum upp RVK" sem gefist hefur afar vel, og Framtíðarþingið sem tókst vel til í alla staði. Formaður þakkaði Þórdísi Rún fyrir samstarfið meðan hún gegndi starfi framkvæmdastjóra lsh, auk þess að fagna ráðningu Óskar í starf framkvæmdastjóra. Að lokum þakkaði Bergur, Jóni Heiðari fráfarandi varaformanni fyrir hans óeigingjarna starf í þágu samtakanna.

**Formaður lýsti landsfund settan.**
Dagskrá lögð fram til samþykktar Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Dagskrá fundarins hafði verið birt rafrænt á heimasíðu Sjálfsbjargar.

- Skýrsla stjórnar og ársreikningar samtakanna fyrir árið 2020 voru kynntir og ársreikningarnir síðan samþykktir. Skýrsluna með ársreikningunum má finna á vefsíðu samtakanna.
- Skýrslur félaganna - voru ekki sérstaklega kynntar. Engar athugasemdir komu fram.
- Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins voru lögð fram.
- Fjárhagsáætlun 2021-2022 var lögð fram og samþykkt.
- Tillaga um óbreytt árgjald var lögð fram og samþykkt.
- Lagabreytingar. Enga tillögur voru lagðar fram.

**Kosningar**
Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir formaður kjörnefndar kynnti niðurstöður kjörnefndar og hlutverk hennar. Eftirfarandi aðilar hlutu kosningu:

**Stjórn:** Bergur Þorri Benjamínsson, Margrét Lilja Arnheiðardóttir, Guðni Sigmundsson, Ólafía Ósk Runólfsdóttir, Margrét S. Jónsdóttir, Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir og Björk Sigurðardóttir.

**Laganefnd:** Guðni Sigmundsson, Frímann Sigurnýasson, Ólafía Ósk Runólfsdóttir, María Óskarsdóttir og Margrét Lilja Arnheiðardóttir.

**Kjörnefnd:** Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir, María Óskarsdóttir, Þorbera Fjölnisdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Margrét S. Jónsdóttir.

**Hjálparliðasjóður:** Guðni Sigmundsson formaður, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir og María Óskarsdóttir.

**Minningarsjóðu JPS:** Sævar Guðjónsson, Sóley Björk Axelsdóttir og Hafdís B. Hilmarsdóttir.

**Medic Alert:** Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir

Þakkir voru bornar fram að formanni kjörnefndar til allra þeirra sem hætta í stjórn og nefndum.

**Ályktanir samþykktar á Landsfundi Sjálfsbjargar lsh. 2021:**

## Ályktun um kjaramál

Landsfundur Sjálfsbjargar Landssambands hreyfihamlaðra, haldinn þann 11. september 2021, skorar á ríkisvaldið að tryggja fötluðu og langveiku fólki viðunandi, raunhæfa og skerðingalausa framfærslu með það að markmiði að gera þeim kleift að framfleyta fjölskyldu sinni og lifa sjálfstæðu lífi til jafns við aðra. Skýring: Vitnað er í 28. gr. samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um viðunandi lífskjör og félagsleg vernd: 1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa, meðal annars viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrði og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.

Fram kom viðbót við ályktunina og samþykkt að stjórn útfæri hana í samræmi við umræðu á fundinum. Skilaboðin verði skýr, einföldum kerfið.

## Ályktun um húsnæðismál

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 11. september 2021 skorar á ríki og sveitarfélög að þau tryggi að hreyfihamlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Til þess að svo megi verða skal tryggja að enginn verði þvingaður í búsetuform eða úrræði gegn hans vilja eða þörfum. Einnig er mikilvægt að tryggja að hreyfihamlað fólk sem býr í eigin húsnæði geti aðlagað húsnæðið eftir sínum þörfum hverju sinni án þess að þurfa að skuldsetja sig umfram aðra. Í því samhengi ályktar fundurinn að komið verði á styrkjakerfi eða framkvæmdasjóði á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem aðstoðar einstaklinga í þessari stöðu við að standa straum að slíkum kostnaði sem er til kominn vegna hreyfihömlunar eða fötlunar.

Húsnæðismál – samþykkt.

## Ályktun um hjálpartækjamál

Landsfundur Sjálfsbjargar Landssamband hreyfihamlaðra haldinn þann 11. september 2021 skorar á ríkisvaldið og stjórnendur Sjúkratrygginga Íslands að tryggja hreyfihömluðum einstaklingum viðeigandi hjálpartæki til allra þeirra athafna sem þeir kjósa að stunda í daglegu lífi, leik og starfi. Núverandi regluverk um hjálpartækjamál er allt of takmarkað er varðar úthlutanir á hjálpartækjum sem eru hreyfihömluðum nauðsynleg til að stunda íþróttir, hreyfingu og útivist. Hreyfihamlaðir einstaklingar standa oft frammi fyrir miklum auka kostnaði við kaup á búnaði sem er beinlínis til kominn vegna sérbúnaðar og aðlögunar. Fundurinn telur ótækt að einstaklingarnir beri þennan kostnað að öllu leyti sjálfir og skora á yfirvöld að endurskoða regluverk sem að þessu snýr.

Hjálpartækjamál – óskarð var eftir því að bætt yrði inn í setninguna „atvinnu“ í annarri málsgrein. Samþykkt með þessum breytingum.

## Önnur mál

Málaferli Brynju hússjóðs gegn Hátúni 12 og 14, ásamt Reykjavíkurborg. Sveinn Guðmundsson lögmaður Sjálfsbjargar fór í gegnum stöðu á málaferlunum sem snúast um hvort að þau skjöl sem hafa raðast inn í gegnum tíðina séu rétt um skiptinguna frá árinu 1966. Lóðarhafar lóðanna Hátún 10 og 12 gerðu með sér samkomulag um skiptingu á lóðinni í fyrst tvær stakar lóðir og seinna 3 stakar lóðir og er samþykkt á sínum tíma. Hins vegar láðist að þinglýsa því samkomulagi á sínum tíma og málið því ekki klárað. Í upphafi var ÖBÍ lóðarhafi en seinna færðust lóðirnar yfir til Brynju hússjóðs. Nýr dómari er kominn í málið sem tefur málið enn frekar.

## Málefnastarf og verkefni haust/vetur 2021-2022

Ósk kynnti m.a. aðgengisfulltrúanámskeið, nýjan aðgengis úttektarlykill, myndbönd og námskeið sem eru í bígerð. Lsh fær mikið af fyrirspurnum og óskir um aðstoð við úttektir og væri gott að félagsmenn gætu tekið út ýmsa staði. Námskeiðin verða haldin rafrænt.

-Sagði hún frá fjáröflunarnámskeiði sem verður í vetur en stjórn, starfsmenn og aðildarfélög geta tekið þátt í, en markmiðið er að efla þekkingu landans á Sjálfsbjörg og efla fjáröflun samhliða.
-Samstarfsverkefni ferðamálastofu, HMS, Sjálfsbjargar og ÖBÍ. Byrjað verður á gististöðum og veitingastöðum og verður útbúið sjálfsmat sem eigendur/rekstraraðilar gististaða geti farið eftir á einfaldan hátt ásamt fræðsluefni.

-Sagði hún frá Römpum upp Reykjavík en Sjálfsbjörg er einn af stofnaðilum og er það verkefni að heppnast virkilega vel og er á undan áætlun.

-Samstarfssamningar var gerður við ON m.a. um úttektir á aðgengi að hleðslustöðvum.

-Norðurlandaráðstefna Nordisk Handikap Forbund verður haldin í Kaupmannahöfn í nóvember. Áætlað er að framkvæmdastjóri og

formaður fari á ráðstefnuna. Haraldur Þorleifsson mun einnig vera með erindi um Römpum upp Reykjavík.

-Óskað er eftir tillögum að samstarfsverkefnum um land allt. þar sem öll félögin myndu vinna saman, taka út og skrá aðgengi í Travable appið.

Formaður fékk lokaorðið. Hann benti á að ÖBÍ veitti nítján aðilum viðurkenningu á 60 ára afmæli Öryrkjabandalags Íslands og fengu sex Sjálfsbjargarfélagar viðurkenningu, en það voru. María Óskarsdóttir, Grétar Pétur Geirsson, Frímann Sigurnýjasson Guðríður Ólafs Ólafíudóttur Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir Guðmundur Magnússon. Fundurinn fagnaði þessu Sjálfsbjargar félögum með lófataki Að svo búnu þakkaði formaður fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sleit landsfundi.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

# MÁLEFNASTARFIÐ

## 6.1 Aðgengismál

Þrátt fyrir tilkomu laga um algilda hönnun árið 2012 og fjölbreytt aðgengisverkefni á síðustu árum, eigum við enn langt í land með að tryggja aðgengi allra alls staðar, að byggingum, þjónustu, námi og atvinnu svo eitthvað sé nefnt. Lög og reglur eru túlkaðar misjafnlega og þekkingu á þessum málaflokk hjá ríki og sveitarfélögum er ábótavant. Við höfum því ráðist í fjölmörg spennandi verkefni.

### Aðgengisnámskeið

Vegna fjölda fyrirspurna á skrifstofu, og til að efla þekkingu og stækka hóp þeirra sem geta gert úttektir á aðgengi, bar framkvæmdastjóri fram þá tillögu fyrir stjórn að boðið yrði upp á námskeið í úttektum á aðgengi fyrir aðildarfélögin. Stjórn samþykkti tillöguna á stjórnarfundi í nóvember 2020 og var Harpa Cilia Ingólfsdóttir byggingarfræðingur og starfsmaður HMS fengin til að leiða námskeiðin fh. Sjálfsbjargar. Markmiðið með námskeiðunum er að skapa þekkingu um allt land fyrir aðildarfélaga og hafa nú tvö námskeið verið haldin. Sjálfsbjörg fór í framhaldinu í samvinnu við aðgengisfulltrúa sveitarfélaganna og var boðið upp á eitt námskeið fyrir um 30 manns á haustmánuðum. Stefnt er að enn fleiri námskeiðum á næsta ári.

### Samstarfsverkefni með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Ferðamálastofu og Öryrkjabandalagi Íslands

Hafist var handa við nýtt og spennandi samvinnuverkefni á árinu, en markmiðið er að efla fræðslu og þekkingu á aðgengismálum innan ferðaiðnaðarins. Útbúinn verður sérstakur úttektarlisti út frá aðgengislykli Sjálfsbjargar og einnig fræðsluefni sem eigendur, rekstraraðilar og starfsmenn gististaða og veitingastaða kynna sér. Ef allt er eins og það á að vera fá staðirnir sérstakt merki á heimasíðu sína, sem loforð um að aðgengismálin séu í lagi. Einnig verða allir aðgengilegir staðir skráðir inn í TravAble appið. Horft hefur verið til verkefnisins Hreint & öruggt hjá Ferðamálastofu sem fyrirmynd. Stefnt er að því að kynna verkefnið á vormánuðum 2022 og í framhaldinu vinna að efni fyrir enn fleiri ferðamannastaði eins og söfn, baðstaði og aðra vinsæla ferðamannastaði utandyra svo eitthvað sé nefnt.

### Römpum upp Reykjavík

Aðgengi á Íslandi er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Því er mikilvægt að koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Rampparnir geta verið jafn misjafnir og þeir eru margir — og þeir eiga svo sannarlega að vera margir. Oft þarf ekki annað en að leysa aðgengi upp eina tröppu eða yfir háan þröskuld með einföldum hætti og með sameiginlegu átaki þjónustuaðila, verktaka og yfirvalda á þetta ekki að vera mikið mál og með því stuðlum við að bættu umhverfi og betra aðgengi.

Í mars 2021 var verkefnið Römpum upp Reykjavik sett formlega af stað, en tilgangur verkefnisins var að auka aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, verslun og veitingahúsum í Reykjavík til að byrja



með. Markmiðið var að byggja 100 rampa á einu ári. Það tókst á átta mánuðum.

Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land. Sjálfsbjörg er stoltur styrktaraðili að verkefninu og jafnframt er framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar stjórnarkona og gjaldkeri sjóðsins.

Verkefnið hefur hlotið mikið lof og landsmenn eru sem aldrei fyrr farnir að velta fyrir sér aðgengi á hinum ýmsu stöðum. Við sjáum það m.a í fjölgun fyrirspurna á skrifstofu Sjálfsbjargar þar sem einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög óska eftir aukinni aðstoð við að bæta aðgengi hjá sér.

**Römpum upp Ísland**

Stefnt er að enn stærra verkefni á næsta ári, en það er að koma upp 1000 römpum um allt land á 4 árum. Sjálfsbjörg verður áfram stoltur þátttakandi að því verkefni sem stuðlar að bættu aðgengi fyrir alla landsmenn.

RÖMPUM UPP ÍSLAND

# UPPLÝSINGAMÁL

Það er afar mikilvægt fyrir félagasamtök eins og Sjálfsbjörg að gæta þess að samskiptum við félagana, fjölmiðla sem og almenning sé ávallt vel við haldið. Árið 2021 gekk ágætlega en COVID hafði áhrif bæði á verkefnastöðu og félagsmálin.

## 7.1 Klifur

Árlega er gefið út eitt tímarit á vegum Sjálfsbjargar lsh., Klifur. Síðasta tölublað (2021) var gefið út í 4.300 eintökum og dreift til Sjálfsbjargarfélaga, Hollvina og annarra velunnara samtakanna. Einnig var það sent til allra stjórnmálaflokka, á Landspítala, á heilsugæslur, framhaldsskóla og háskóla um allt land. Ritstjóri blaðsins var Páll Tómas Finnsson. Markmiðið var að gefa út fallegt og áhugavert blað með fjölda viðtala í stærra upplagi en áður og voru viðtökurnar mjög góðar.

## 7.2 Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg lsh. út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, kynnt stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári, kynnt þau málefni sem verið er að vinna að og birtur ársreikningur samtakanna. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu samtakanna.

## 7.3 Vefsíður og samfélagsmiðlar

Mikil vinna fór í að halda úti þremur heimasíðum, Sjálfsbjargar landssambands, Hjálpartækjaleigu og Þekkingarmiðstöðvar og Facebook síðum þeim tengdum. Því var tekin sú ákvörðun í nóvember 2020 að sameina þessar síður undir eina til að bæta upplýsingaflæði og skýra betur hlutverk Sjálfsbjargar út á við. Leitað var tilboða í nýja síðu frá nokkrum aðilum og fór vinnan af stað í byrjun árs 2021. Vor 2021 var svo glæsileg ný síðan opnuð þar sem allar upplýsingar eru loks á einum stað.




Facebook Síða Sjálfsbjargar er uppfærð reglulega, en þar er miðlað ýmsum fréttum, upplýsingum og áhugaverðu efni er tengist starfsemi samtakanna og málefnum hreyfihamlaðra (fatlaðra) og baráttumálunum. Þá hefur síðan einnig verið notuð til að kynna ýmsa starfsemi samtakanna, m.a. Happdrætti, Hollvini, leigumál, og fl. Mikilvægt er að samtökin nái til sem flestra félaga í gegnum síðuna og eru Sjálfsbjargarfélagar hvattir til að „líka" við síðuna og deila efni þeirra svo þær nái til sem flestra.

## 7.4 Fjölmiðlasamskipti

Formaður samtakanna hefur haft með fjölmiðlatengslin að gera fyrir hönd Sjálfsbjargar og hefur tekist ágætlega vel að koma málefnum sínum og starfi samtakanna á framfæri við fjölmiðla síðustu misserin. En betur má ef duga skal og verðu lögð enn frekari vinna í þessi mál á næsta ári. Það er mikilvægt fyrir samtök sem þessi að ná athygli fjölmiðla og einnig að ná til mögulegra styrktaraðila.

## 7.5 Samstarfsverkefni með MPM nemum í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík




Samhliða vinnu við nýja heimasíðu var ráðist í að búa til fræðsluefni og póstera / auglýsingar í formi viðtala, en að þessu verkefni komu MPM meistaranemendur við Háskólann í Reykjavík, grafískur hönnuður og ljósmyndari. Verkefnið var unnið frá janúar - apríl 2021. Nemarnir unnu að auki undirbúningsvinnu fyrir aðgengis- og ímyndarherferð Sjálfsbjargar sem unnin er upp úr viðtölum við einstaklinga með hreyfihömlun. Áætlað er að þetta verkefni haldi áfram 2022.

# TENGINGAR ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg er aðili að eða sem stjórnarfólk eða starfsfólk Sjálfsbjargar taka þátt í fyrir hönd samtakanna.

**Öryrkjabandalag Íslands**

Fulltrúar Sjálfsbjargar á aðalfundi ÖBÍ 2021 voru: Bergur Þorri Benjamínsson, Grétar Pétur Geirsson, Jón Heiðar Jónsson, María Óskarsdóttir og Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

**Sjálfsbjargar félagar í stjórnkerfi ÖBÍ:**

Formaður ÖBÍ: Þuríður Harpa Sigurðardóttir (2017-2023)
Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-2022)
Varamaður í stjórn: María Óskarsdóttir (2020-2022)
Varamaður skoðunarmanna reikninga ÖBÍ: Grétar Pétur Geirsson (2021-2023)
Aðalfulltrúi í Kjörnefnd ÖBÍ: María Óskarsdóttir (2021-2023)
Varafulltrúi í Kjörnefnd ÖBÍ: Ásta Þórdís Skjalddal (2021-2023)

**Málefnahópur ÖBÍ um aðgengi**

Formaður: Bergur Þorri Benjamínsson.
Aðalfulltrúi: Ólafía Ósk Runólfsdóttir

**Málefnahópur ÖBÍ um heilbrigðismál**

Aðalfulltrúi: Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir
Varafulltrúi: Guðni Sigmundsson

**Málefnahópur ÖBÍ um húsnæðismál**

Aðalfulltrúi: María Óskarsdóttir

**Stýrihópur Kvennahreyfingar ÖBÍ**

Þorbera Fjölnisdóttir, Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, Helga Magnúsdóttir og Sóley Axelsdóttir

**Hvatningarverðlaun ÖBÍ**

Aðalfulltrúi: Helga Magnúsdóttir

**EAPN – European Anti Poverty Network**

Aðalfulltrúi: Ásta Þórdís Skjalddal

**NHF – norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum**

